

Viðhorfskönnun meðal strandveiðisjómannna

Viðhorfskönnun var send bréflega á þá 629 aðila sem voru með strandveiðileyfi síðasta sumar. Samtals voru 12 bréf endursend vegna ófullnægjandi upplýsinga um heimilisfang eða gjaldprots fyrirtækis. Heildarfjöldi í þýði var því 617. Þar af hafa þegar þetta er skrifað borist 229 svör sem er 37%. Þátttakendur svöruðu könnuninni á vefsvæðinu surveymonkey.com. Eftir er að vinna úr svörum við spurningum um kolefnisspor og um framtíðarþróun strandveiðikerfisins.

Eftirfarandi spurningar voru í könnuninni:


- Kyn, aldur, búseta (póstnúmer)
- Hvað hefur þú stundað strandveiðar í mörg tímabil?
- Hvað hefur þú stundað sjómennsku í mörg ár?
- Hversu mikilvægar voru strandveiðar síðastliðið sumar fyrir fjárhagslega afkomu þína og fjölskyldu þinnar?
- Hversu hátt hlutfall telur þú að tekjur af strandveiðum hafi verið af heildartekjum þínum á síðasta ári?
- Hversu mikla ánægju hafði þú af strandveiðum síðastliðið sumar?
- Hver er þín skoðun á núverandi reglum um strandveiðar í samanburði við það kerfi sem lagt af var af 2017?
- Telur þú að hægt sé að auka hagkvæmni strandveiða miðað við óbreytt heildarmagn? Ef svo er, hvernig?
- Telur þú að hægt sé að draga úr kolefnisspori strandveiða? Ef svo er, hvernig?
- Þegar horft er til framtíðarþróunar strandveiðikerfisins, hvaða breytingar telur þú mest aðkallandi að verði gerðar?

Kyn svarenda

Líkt og búast mátti við voru næstum öll svör sem bárust frá körlum eða 227 af 229. Ekki er því mögulegt að nota kynjabreytuna til að flokka svör.


Aldur svarenda

Tæpur þriðjungur svarenda er á aldrinum 60-69 ára en næst stærsti hópurinn er 50-59 ára. Samtals voru því um 60% svarenda í þessum tveimur aldurshópum. Athygli vekur að fleiri svarendur eru 70 ára og eldri heldur en þeir sem eru 39 ára og yngri.




Hvað hefur þú stundað strandveiðar í mörg tímabil?

Tæplega 40% svarenda hafa stundað strandveiðar í 9 tímabil eða fleiri. Hins vegar sögðust aðeins um 11% hafa verið á fyrsta eða öðru ári í strandveiðum. Flestir þeirra sem höfðu aðeins stundað strandveiðar í eitt eða tvö tímabil voru búsettir á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Aðrir skiptast nokkuð jafn á milli þess að hafa verið 3-4 ár, 5-6 ár og 7-8 ár.




Hvað hefur þú stundað sjómennsku í mörg ár?

Ríflega 30% höfðu stundað sjómennsku í 41 ár eða meira. Þeir sem höfðu verið lengst á sjó sögðust hafa verið í um 60 ár. Ríflega fimmtungur sagðist hafa verið á sjó í 31-40 ár. Skipting á milli hinna hópanna þriggja er nokkuð jöfn, 14-18%.




Hversu mikilvægar voru strandveiðar síðastliðið sumar fyrir fjárhagslega afkomu þína og fjölskyldu þinnar?

Yfirgnæfandi meirihluti í öllum landshlutum sögðu að strandveiðar hefðu annað hvort verið mjög eða frekar mikilvægar fyrir fjárhagslega afkomu sína og sinna síðastliðið sumar. Hlutfallið er marktækt hærra á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra en annars staðar á landinu.




Hversu hátt hlutfall telur þú að tekjur af strandveiðum hafi verið af heildartekjum þínum á síðasta ári?

Tæplega þriðjungur taldi að tekjur af strandveiðum hefðu verið 41-60% af heildartekjum sínum á síðasta ári. Um fimmtungur taldi þær hafa verið yfir 60% af heildartekjum sínum á nýliðnu ári. Mjög takmörkuð fylgni var milli hlutfalls tekna og þess hversu miklu máli svarendur töldu að strandveiðar hefðu skipt um fjárhagslega afkomu fjölskyldu sinnar (sjá svar að ofan).




Hversu mikla ánægju hafði þú af strandveiðum á síðastliðið sumar?

Yfirgnæfandi meirihluti sagðist hafa haft annað hvort mikla eða mjög mikla ánægju af strand-veiðum síðastliðið sumar. Á Norðurlandi sagðist tíundi hver hafa haft frekar litla, mjög litla eða enga ánægju af strandveiðum síðastliðið sumar.



Hver er þín skoðun á núverandi reglum um strandveiðar í samanburði við það kerfi sem lagt var af 2017?

Um var að ræða opna spurningu þar sem svör voru flokkuð í jákvæð, hlutlaus, neikvæð og svarar ekki. Yfirgnæfandi meirihluti taldi að breytingarnar hefðu verið til góðs eða a.m.k. að kerfið hefði verið skárri, eins sumir orðuðu það, eftir breytingarnar. Ánægðastir með breytingarnar voru vestfirðingar og vestlendingar en minnst var ánægja með breytingarnar á Norðurlandi eystra og Austurlandi þrátt fyrir að meirihluti í öllum landshlutum teldi breytingarnar til batnaðar. Á Austurlandi tjáðu 40% óánægju með breytingarnar, 28% á Norðurlandi eystra og 19% á Norðurlandi vestra. Í svörum þeirra sem voru óánægðir á þessum svæðum komu fram skoðanir um að kerfið ætti ekki að vera í einum potti m.a. vegna mismunandi fiskgengdar á milli svæða.



Helstu breytingar sem menn nefndu að þyrfti að gera voru að það þyrfti að fjölga dögum ýmist til að velja úr eða hreinlega að fá fleiri veiðidaga. Þá komu fram skoðanir um að það þyrfti að lengja tímabilið, byrja fyrir og bæta september við.